*Fjölskyldu- og fræðslusvið*

**Verkferill sérfræðiþjónustu leikskóla**

EF ÁHYGGJUR AF ÞROSKA, HEGÐUN EÐA LÍÐAN BARNS VAKNA Í LEIKSKÓLA

Deildar-/hópstjóri ræðir áhyggjur við skóla- og sérkennslustjóra

Hafa áður verið greind frávik hjá barninu?

Nei

Já

Athuga eldri gögn.

Deildar-/hópstjóri og sérkennslustjóri leggja mat á vanda og styrkleika barnsins (t.d.skimanir). Þeir vinna drög að einstaklingsáætlun til 2 mánaða sem kynnt er foreldrum og fullmótuð í samráði við þá.

Einstaklingsáætlun er gerð til að tryggja að barn fái þá aðstoð sem það þarf á að halda. Mikilvægt er að unnið sé út frá áhugasviði og styrkleikum barnsins og styrkja jákvæða hegðun og félagsleg samskipti við aðra. Foreldrar þurfa að samþykkja áætlunina.

Deildar-/hópstjóri og sérkennslustjóri meta stöðuna ásamt foreldrum og næstu skref.

Hér er sérkennsluráðgjafi skólaskrifstofu kallaður til. Það er alltaf fyrsta skref varðandi þjónustu frá sérfræðiþjónustu.

Deildar-/hópstjóri, sérkennslustjóri og sérkennsluráðgjafi skoða feril málsins og afla frekari gagna, t.d. með skimunum.

Er þörf á frekari athugun og samþættingu?

Nei

Sérkennslustjóri fylgist áfram með og veitir handleiðslu/barn fær tíma í sérkennslu ef þörf er á. Samráð við sékennsluráðgjafa.

Já

Á þessu stigi koma aðrir sérfræðingar fjölskyldu- og fræðslusviðs að málinu.

Deildar-/hópstjóri, sérkennslustjóri og sérkennsluráðgjafi, í samráði við forelda, vísa málinu til sérfræðiþjónustu skóla ef endurskoðuð einstaklingsáætlun eða íhlutun ber ekki árangur. Mikilvægt er að tilvísunarblöð séu vandlega útfyllt. Sótt um í samþættingu. Sérfræðiteymi fer yfir fyrirliggjandi gögn og tekur ákvörðun um næstu skref.

Einstaklingsnámskrá er gerð til að tryggja að barn fái þá aðstoð sem það þarf á að halda. Mikilvægt er að unnið sé út frá áhugasviði og styrkleikum barnsins og styrkja jákvæða hegðun og félagsleg samskipti við aðra. Foreldrar þurfa að samþykkja áætlunina.

Greiningar og athuganir gerðar. Skýrsla unnin út frá athugunum. Niðurstöður og tillögur til úrbóta kynntar foreldrum, leikskóla (tengilið eða stuðningsteymi) á skilafundi. Sérfræðiþjónustan vísar málinu í samráði við leikskóla (og tengilið/stuðningsteymi) og foreldra til sérhæfðrar þjónustu utan skólans ef þörf er á.

Er þörf á frekari athugun?

Já

Nei

Nýrra úrræða leitað. Unnin áætlun um eftirfylgd (deildarstjóri/tengiliður, sérkennslustjóri, foreldrar og sérkennsluráðgjafi). Ef samþætting á 2. og 3. stigi þá stuðningsáætlun (stuðningsteymi).

Ef þurfa þykir er lögð fram ósk um stuðning við deildina.

Samráð foreldra, deildar-/hópstjóra/tengiliðs, sérkennslustjóra, sérkennsluráðgjafa og sérhæfðra greiningar- og/eða ráðgjafaraðila utan leikskólans um niðurstöðu greiningar og endurskoðun úrræða innan leikskólans í samræmi við niðurstöður. Deildar-/hópstjóri, leikskólastjóri og sérkennsluráðgjafi endurskoða einstaklingsáætlun út rá breyttum forsendum og gera einstaklingsnámskrá. Ef samþætting á 2. og 3. stigi þá sér stuðningsteymi um þetta með stuðningsáætlun.

Er þörf á sértækum stuðningi, sbr. reglur eða sérkennslu?

Nei

Já

Sérkennslustjóri og sérkennsluráðgjafi ákveða fjölda stunda í sérkennslu og hvernig henni skuli háttað. Endurmat á fjölda tíma er í þeirra höndum.

Skólaskrifstofa úthlutar stundum í sérstuðning og ákveður hvenær endurmat á stuðningsþörf fer fram.

Umsókn um stuðning send skólaskrifstofu í samráði við sérkennsluráðgjafa.

FERLI LOKIÐ